

Aðalfundur Kviku banka hf. var haldinn 14. mars 2019 á Icelandair hótél Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík.

Helstu niðurstöður fundarins voru eftirfarandi:

1. Ársreikningur vegna ársins 2018 var samþykktur eins og hann var lagður fram. Þá samþykkti fundurinn að greiða kr. 0,24 á hlut í arð fyrir rekstrarárið 2018. Samþykkt arðgreiðsla nemur samtals kr. 442.799.114,-. Hlutabréf sem skipta um hendur frá og með 15. mars 2019 (arðleysisdagur) verða án arðsréttinda og réttur hluthafa til arðgreiðslu miðaður við hlutaskrá félagsins við lok viðskipta þann 18. mars 2019, sem verður arðsréttindadagur. Arður verður greiddur út á útborgunardegi, 26. mars 2019.
2. Á fundinum lá frammi tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og var hún samþykkt.
3. Fundurinn samþykkti eftirfarandi tillögu stjórnar um kaup á eigin hlutum:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa allt að 184.499.630 hluti í félaginu, í þeim tilgangi að stjórn geti ákveðið að; i) koma á formlegri endurkaupaáætlun, ii) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum og/eða iii) auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu, þannig að félagið eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Heimild þessi gildir þar til á aðalfundi félagsins árið 2020. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði á Nasdaq Iceland, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfiðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfiðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

4. Eftirfarandi tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum voru samþykktar:

- (i) **Samþykkt var að breyta ákvæði gr. 2.3., þannig að framvegis verði það svohljóðandi:**
„2.3. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna (1. kr.) að nafnverði. Einn flokkur hlutafjár er í félaginu og allir útgefnir hlutir njóta sömu réttinda.“
- (ii) **Samþykkt var að breyta orðalagi ákvæðis gr. 2.4., þannig að ákvæðið verði eftir breytingu svohljóðandi:**
„2.4 Sé ekki kveðið á um annað í samþykktum þessum, þ.m.t. bráðabirgðaákvæðum þeirra, skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutafjareign sína, en að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir þeim skilmálum, sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni.“
- (iii) **Samþykkt var að breyta orðalagi ákvæðis gr. 2.5., þannig að ákvæðið verði eftir breytingu svohljóðandi:**
„2.5 Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamíðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 131/1997, með síðari breytingum. Yfirlit verðbréfamíðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild hlutaskrá þess og skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.“

- (iv) **Samþykkt var að fella út í heild ákvæði gr. 2.8. í gildandi samþykktum og að í stað þess komi nýtt ákvæði gr. 2.8. sem verður svohljóðandi:**
„2.8. Hluthafar verða ekki skyldaðir til að auka hlutafjäreign sína í félaginu og eigi heldur til að sæta innlausn á hlutum sínum, nema lög bjóði.“
- (v) **Samþykkt var að bæta við nýju ákvæði gr. 2.9. við samþykktir félagsins:**
„2.9. Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í félaginu. Meðferð virkra eignarhluta sætir takmörkunum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Hluti í félaginu má framselja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Um skrásetningu veðréttinda, eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer samkvæmt löggjöf um rafræna eignarskráningu verðbréfa, eins og hún er á hverjum tíma.“
- (vi) **Samþykkt var að breyta ákvæði gr. 3.5. í samþykktum félagsins þannig að framvegis verði það svohljóðandi:**
„3.5. Til hluthafafundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa með bréfi eða tölvupósti eða með auglýsingu í dagblaði.
Hluthafafundir skulu boðaðir með minnst þriggja vikna fyrirvara og lengst fjórum vikum fyrir fund.
Heimilt er að halda hluthafafundi félagsins annars staðar en á heimili félagsins.“
- (vii) **Samþykkt var að breyta ákvæði gr. 3.6. í samþykktum félagsins þannig að framvegis verði það svohljóðandi:**
„3.6. Í þrjár vikur (21 dag) fyrir hluthafafund og á fundardegi skulu eftirfarandi upplýsingar vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins: Fundarboð, heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, skjöl sem verða lögð fyrir hluthafafund, ályktunartillögur og athugasemdir frá stjórn félagsins eða nefndum hennar, eftir því sem við á, varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar.
Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaðrar dagskrár fundarins.
Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn.“
- (viii) **Samþykkt var að breyta ákvæði 2. mgr. gr. 3.8. í samþykktum félagsins þannig að framvegis verði ákvæðið í heild svohljóðandi:**
„3.8. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Á hluthafafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Hluthöfum skal gefast kostur á að greiða atkvæði annað hvort skriflega eða rafrænt um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar. Í fundarboði skal koma fram hvernig atkvæðagreiðslan skuli framkvæmd.“

- (ix) **Samþykkt var að breyta ákvæði gr. 6.1. í samþykktum félagsins þannig að 2. mgr. þess falli út og í stað hennar komi ný 2. mgr., þannig að ákvæðið í heild verði svohljóðandi:** „6.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann gerður í samræmi við ákvæði laga.

Endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki skal kjósa á aðalfundi félagsins til a.m.k. eins árs, þó ekki lengur en til tíu ára.“

- (x) **Samþykkt var að fella út í heild sinni gildandi bráðabirgðaákvæði II í samþykktum félagsins og í stað þess komi nýtt bráðabirgðaákvæði II sem verður svohljóðandi:**

„Félagsstjórninni er heimilt, fram til aðalfundar félagsins árið 2020, að gefa út áskriftarréttindi að allt að 100.000.000 nýjum hlutum í félaginu. Félagsstjórninni er jafnframt í fimm ár, til 14. mars 2024, heimilt að framkvæma nauðsynlega hlutafjánhækkun í tengslum við áskrift nýrra hluta á grundvelli áskriftarréttindanna. Félagsstjórnin ákveður hverjir fái rétt til áskriftar að nýjum hlutum en hvorki hluthafar né aðrir njóta forgangsréttar. Félagsstjórnin ákveður söluverð áskriftarréttindanna og nánari skilmála þeirra. Áskriftarréttindi sem gefin eru út samkvæmt heimild þessari skulu seld á gangvirði samkvæmt verðmati frá óháðum sérfróðum aðila.“

- (xi) **Samþykkt var að breyta A og B liðum bráðabirgðaákvæðis IV í samþykktum félagsins þannig að heimild stjórnar sem þar er kveðið á um til útgáfu nýs hlutafjár verði framlengd til 31. desember 2022.**

- (xii) **Samþykkt var að breyta C lið bráðabirgðaákvæðis IV í samþykktum félagsins þannig að hámark útgefna en ónýtt áskriftarréttinda verði 30,0% í stað 33,3%.**

- (xiii) **Annað.**

Loks voru gerðar smávægilegar lagfæringar á enskri þýðingu sumra ákvæða í samþykktunum, en samkvæmt gr. 9.3. gengur íslenskur texti samþykktanna framur enskri þýðingu. Framangreindar lagfæringar voru því ekki bornar sérstaklega undir atkvæði hluthafa.

5. Stjórnarkjör fór fram. Í aðalstjórn félagsins voru kjörin:

- Guðjón Reynisson
- Guðmundur Örn Þórðarson
- Inga Björg Hjaltadóttir
- Hrönn Sveinsdóttir
- Kristín Pétursdóttir

Til setu í varastjórn félagsins voru kjörin:

- Kristín Guðmundsdóttir

- Albert Þór Jónsson

6. Aðalfundur samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Kviku banka hf. er falið að greina kosti og galla þess að skipa félaginu tilnefningarnefnd, fá fram sjónarmið hluthafa í þeim efnum og útfæra tillögu ef rétt þykir.“

7. Aðalfundur kaus endurskoðunarfyrtækið Deloitte ehf. sem endurskoðanda félagsins fyrir árið 2019. Deloitte ehf. hefur verið endurskoðunarfyrtæki félagsins frá aðalfundi árið 2016.

8. Samþykkt var að þóknun stjórnarformanns fyrir næsta starfsár félagsins verði kr. 850.000,- á mánuði og annarra stjórnarmanna kr. 425.000,- á mánuði. Þá var samþykkt að þóknun varamanna í stjórn verði kr. 212.500,- fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema kr. 425.000,- á ári. Loks var samþykkt að formenn undirnefnda stjórnar fái greiddar kr. 200.000,- á mánuði en aðrir nefndarmenn kr. 150.000,- á mánuði.

Nánari upplýsingar veitir Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku banka hf. í síma 540 3200.